

Kennari:	Guðný Frímann Jónsdóttir
Áfangi/fag:	ÍSLE2BD05 – Bókmenntir í daglegu lífi

Stutt lýsing

Í áfanganum lesa nemendur fjölbreytta bókmenntatexta ásamt því að rifja upp ýmis bókmenntahugtök. Nemendur vinna ólík verkefni og rýna í eigin verk og annarra. Lögð er áhersla á að efla sjálfstraust og sköpunargáfu nemenda við ritun og frágang mismunandi texta. Áfanginn er símatsáfangi.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi lestrar
- Því hversu mikilvægt er að geta tekið út aðalatriði texta á skýran og markvissan hátt
- Orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Flytja skýra, vel uppbyggða kynningu og geta lagt áherslu á meginþætti og atriði sem skipta máli.
- Spyrja efnislegra spurninga, greina og bera saman upplýsingar til að komast að niðurstöðu
- Taka þátt í og stuðla að málefnalegum umræðum eða rökræðum um bókmenntir

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Dýpka lesskilning sinn
- Auka og bæta við orðaforða og málskilning
- Auka skilning sinn og þekkingu á mannlegu atferli í gegnum lestur skáldverka
- Nýta sér sköpunarmátt íslenskunnar til að semja eigið verk

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Fjörlitað efni hjá kennara

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi.

Kaflapróf á Innu: 3 x 10%

Ritunarverkefni: 3 x 10%

Kynning á texta: 20%

Þátttaka og virkni í tíma: 20%

Ekkert lokapróf verður í áfanganum!